

## **9. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss**

haldinn í Tíbrá 15. febrúar 2017 kl. 20:00.

**Mættir eru:** Guðmundur Kr. Jónsson formaður, Hjalti Þorvarðarson, Jóhann Helgi Konráðsson, Sverrir Einarsson og Viktor S. Pálsson ásamt Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra.



### **1. Ársreikningur aðalstjórnar Umf. Selfoss**

Ársreikningur aðalstjórnar Umf. Selfoss lagður fram til kynningar. Vísað til afgreiðslu aðalstjórnar.

### **2. Starfsmannamál**

Framkvæmdastjórn felur framkvæmdastjóra að ganga frá viðauka við ráðningarsamning bókara Umf. Selfoss.

### **3. Samningar við Sv. Árborg**

Framkvæmdastjórn felur framkvæmdastjóra að ganga frá samningum við Sveitarfélagið Árborg með fyrirvara um samþykki aðalstjórnar.

Framkvæmdastjórn fagnar frumkvæði Sveitarfélagsins Árborgar að hefja fljótt og vel undirbúning að gerð nýs langtímasamnings.

### **4. Aðalfundur Umf. Selfoss**

Lagðar fram tillögur framkvæmdastjórnar til lagabreytinga og tillögur til aðalfundar. Vísað til næsta fundar aðalstjórnar.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 21:40.  
Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**